

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar.


## Minnisblað

Málefni: **Umsögn þróunarfulltrúa grunnskóla skýrsluna HEILSA OG LÍFSKJÖR GRUNNSKÓLANEMA Í HAFNARFIRÐI Í INNLENDUM OG ALÞJÓÐLEGUM SAMANBURÐI - grunnskólahluti.**

Umrædd skýrsla er gefin út árið 2016 af Rannsóknarsetri forvarna við Háskólann á Akureyri og er hluti alþjóðlegs verkefnis að tilstuðlan WHO sem hefur rannsóknarskammstöfunina HBSC. Rannsóknin tekur á viðhorfum nemenda í 6., 8. og 10. bekk grunnskóla á ýmsum þáttum sem snúa að forvörnum og birtir sjónarmið þeirra nú frá árinu 2014. Fimm spurningar skýrslunnar fjalla um grunnskólastarf og er þetta að segja um viðhorf hafnfirskra nemenda í skýrslunni gagnvart því:

1. *Gengi í skóla:* Sjónarmið hafnfirskra nemenda er að þeir segja að kennarar sínir telji þeim almennt ganga betur í námi (þó meira hjá 6. bk. nemendum en þeim eldri) en öðrum nemendum á Íslandi eða á höfuðborgarsvæðinu. Er sumt part andstætt niðurstöðum á raunverulegum árangri sé miðið við árangur hafnfirskra nemenda á samræmdum könnunarprófum miðað við sömu hópaskiptingu.
2. *Skólalíðan:* Yfir heildina virðast nemendur í Hafnarfirði tjá verri líðan í skóla en samanburðarhópar hér (landið allt, höfuðborgarsvæðið) þótt ekki sé það mikið og þá mest meðal 6. bekkinga og minnki eftir því sem þeir eldist í grunnskólanum. Niðurstöður eru sagðar jákvæðar fyrir landið allt en spurning er hvort niðurstöður gefi tilefni til að skoða einstaka skóla í Hafnarfirði frekar þegar þær niðurstöður liggja fyrir og munu koma.
3. *Kennurum annt um nemendur:* Sjónarmið til fullyrðingarinnar um að kennurum sé annt um þá sem einstaklinga sýnir að hafnfirskir nemendur hafa þverstæðukenndari sjónarmið en almennt gerist, þ.e. hafnfirskir nemendur eru flestir því „mjög sammála“ en einnig flestir því „mjög ósammála“ í árgöngunum þremur miðað við landið allt og höfuðborgarsvæðið sömuleiðis.
4. *Traust á kennurum:* Hafnfirskir nemendur skera sig ekki frá öðrum á Íslandi nema að vera bæði örlítið jákvæðari og neikvæðari í því að treysta kennurum og fylgja einnig sama munstri og allt landið að trausti minnkar með auknum aldri nemenda – sem líklega er þroskamerki.
5. *Þörf fyrir meiri stuðning:* Hafnfirskir nemendur telja sig þurfa meiri stuðning en jafnaldrar á Íslandi; mest hjá 8. bk, minna hjá 10. bk. og minnst í 6. bk. Þessar niðurstöður sýna hvað mest frávik milli Hafnarfjarðar og landsins alls og gefa líklega til kynna að hafnfirskir nemendur telja sig þurfa meiri stuðning en nú er í gangi. Það má velta fyrir sér af hverju slíkt stafi, t.d. hvort munur sé á þjónustuframkvæmd í grunnskólum Hafnarfjarðar miðað við landið, hvort minna fjármagn sé veitt til þjónustunnar í Hafnarfirði en annars staðar eða einfaldlega hvort hafnfirskir nemendur telji sig hafa meiri þörf fyrir þjónustu en aðrir. Það er vandi rannsókna að oft er erfitt að sjá hvað það er sem skýrir niðurstöður og aðrar rannsóknir þurfi frekar til að finna skýringar á niðurstöðum sem koma í einstaka rannsóknnum.

Virðingarfyllst,

  
Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla